

ÁLIT FLUGÖRYGGISSTOFNUNAR EVRÓPU

Nr. 04/2006

til breytinga á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003, um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði

„Opinberlega viðurkenndur staðall“

I. Almenn

1. Tilgangur þessa álits er að fyrirhuga breytingu á málsgreinum M.A.301(2) og 147.A.105(f) við reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 2042/2003¹. Ástæðan fyrir þessari reglugerðarsetningu að skýra merkingu hugtaksins „opinberlega viðurkenndur staðall“.
2. Flugöryggisstofnun Evrópu (hér eftir nefnd Stofnunin) er beint viðriðin reglumótunarferlið. Hún aðstoðar framkvæmdastjórnina við stjórnunarverkefni sín með því að undirbúa uppköst að reglugerðum og breytingar þar á, fyrir framkvæmd grunnreglugerðar (EB) nr. 1592/2002 (hér eftir nefnd Grunnreglugerðin²), sem eru samþykktar sem „Álit“ (grein 14.1). Einnig samþykkir hún ásættanlegar leiðir til fylgni og leiðbeiningarefni til notkunar í vottunarferlinu (grein 14.2).
3. Texti þessa álits hefur verið útbúinn af Stofnuninni. Hann hefur verið sendur öllum hagsmunaaðilum til umsagnar í samræmi við grein 43 í Grunnreglugerðinni og greinar 5(3) og 6 í Starfsreglum EASA við reglugerðasetningu³.
4. Þessi reglugerðasetning var innifalin í reglugerðasetningaráætlun Stofnunarinnar fyrir árið 2006. Hún útfærir reglugerðasetningarverkefnið MDM.013.
5. Álitið hefur verið tekið upp í kjölfar þeirra starfsreglna sem tilgreindar eru í Starfsreglum EASA við reglugerðasetningu, í samræmi við ákvæði 14. greinar reglugerðar (EB) nr. 1592/2002.

II. Efni álitsins

6. Þegar þau svöruðu umsagnarskjali fyrir upptöku reglugerðar framkvæmdastjórnar (EB) nr. 2042/2003 og ÁLF/LE tengt efni, óskuðu yfirvöld í hverju landi, jafnt sem atvinnugreinin, eftir útskýringu á merkingu hugtaksins „opinberlega viðurkenndur staðall“ sem innifalið er í málsgreinum M.A.301(2), M.A.606(f), M.A.608(b), 145.A.30(f), 145.A.40(b) og 147.A.105(f) í fyrrgreindri reglugerð.
7. Sumir umsagnaraðilar álitu segðina „opinberlega“ tvíræða og aðrir bentu á að það væri ekki skýrt hvaða stjórnvald/aðili myndi lýsa yfir að staðallinn væri opinber. Nokkrar lausnir voru lagðar til, í fyrsta lagi að útskýra þetta hugtak gegnum ÁLF/LE efni, í öðru lagi til að setja orðalagið „staðall viðurkenndur af lögbæru yfirvaldi“ í stað „opinberlega viðurkenndur staðall“ og að lokum til að bæta „eða innlendar reglur“ aftan við „opinberlega viðurkenndur staðall“. Í svari við öllum þessum athugasemdum viðurkennir Stofnunin að þetta hugtak þurfi að þróa með

¹ OJ L 315, 28.11.2003, bls. 1.

² Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenn flug og stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu. (OJ L 240, 7.9.2002, bls. 1) Reglugerð eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 1701/2003 frá 24. september 2003 (OJ L 243, 27.09.03, bls. 5)

³ Ákvörðun stjórnar varðandi starfsreglur sem Stofnunin beitir við útgáfu álita, vottunarforskriftar og leiðbeiningarefnis („Starfsreglur við reglugerðasetningu“), EASA MB/7/03, 27.6.2003.

ákvörðun um að innleiða ÁLF/LE efni til að eyða þeim vafa sem til staðar er á þessu sviði.

8. Ennfremur, strax á fyrsta ári framkvæmdar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) 2042/2003, virtist textinn innihalda nokkrar villur og ósamræmi í tveimur málsgreinum inniföldum í viðaukum hennar sem vísuðu til hugtaksins „opinberlega viðurkenndur staðall“. Þetta álit inniheldur tillögur að umfjöllun um þessi atriði líka. Nauðsyn þess að leiðréttu villur og ósamræmi sem rekast má á í málsgreinum M.A.301(2) og 147.A.105(f) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 neyðir Stofnunina til að gefa út álit í viðbót við úrskurð framkvæmdastjóra, sem voru upprunalegu „áfangagögnin“ samþykkt með TOR MDM-13.
9. Eftir marktæka greiningu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 hefur komið í ljós að hugtakið „opinberlega viðurkenndur staðall“ er notaður nokkrum sinnum, en í fjórum greinilega afmörkuðum dæmum:
 - a) M.A.301 (2) Verkefni fyrir áframhaldandi lofthæfi „Áframhaldandi lofthæfi og ending, bæði starfs- og neyðarbúnaðar loftfars, skal vera tryggð með (...) leiðréttingu á opinberlega viðurkenndum staðli á öllum göllum og skemmdum sem hafa áhrif á örugga notkun“.
 - b) M.A.402 (b), M.A. 608(b) og 145.A.40 (b) „Verkfæri og tækjabúnaður skal stjórnast af og vera kvarðaður samkvæmt opinberlega viðurkenndum staðli“.
 - c) M.A.606 (f) og 145.A.30 (f) *Hæfni starfsmanna sem framkvæma sérhæfð verkefni (...) skal vera í samræmi við opinberlega viðurkenndan staðal*“.
 - d) 147. A.105 (f) „Reynsla og hæfni leiðbeinenda og matsmanna bóklegrar og verklegrar kunnáttu skal vera staðfest sem opinberlega viðurkenndur staðall“.
10. Málsgrein 21.A.303 í kafla K „hlutir og tæki“ við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003⁴ staðfesti að „fylgni hluta og tækja sem setja á upp í tegundarvottaðri vöru skal vera gerður sýnilegur (...) þegar í hlut eiga staðlaðir hlutir, í samræmi við opinberlega viðurkennda staðla“. Leiðbeiningarefni var hannað til að útskýra merkingu hugtaksins *opinberlega viðurkenndir staðlar* í LE nr. 2 til 21.A.303 (c) í úrskurði nr. 2003/1/RM⁵ „*opinberlega viðurkenndur staðall merkir þá staðla sem samþykktir eru eða útgefnir af opinberum aðila, hvort sem hann hefur lögformlega stöðu eða ekki, sem almennt er viðurkennt í loftflutningageiranum að teljist góð starfsvenja*“.
11. Stofnunin telur að efni LE nr. 2 til 21.A.303 (c) sé viðeigandi sem hliðstæða við málsgreinar M.A. 402(b), M.A. 608(b), 145.A.40 (b), M.A. 606(f) og 145.A.30 (f) þar sem þar sé sama fagsamhengi í tæknistöðlum og eru þegar til staðar í atvinnugreininni. Þar af leiðandi hefur ÁLF efni við ofangreindar málsgreinar verið hannað í þessum skilningi, með samkvæmni.

⁴ OJ L 243, 27.09.03, bls. 6.

⁵ Úrskurður framkvæmdastjóra Stofnunarinnar þann 17. október 2003 um ásættanlegar leiðir til fylgni og leiðbeiningaefni við Hluta 21 (ÁLF&LE við Hluta 21).

12. Hvað varðar M.A.301 (2) ætti tilvitnunin „í samræmi við gögn tilgreind í M.A.304 og/eða M.A.401“ að koma í stað „opinberlega viðurkenndur staðall“, þar sem það var ásetningur löggjafans að hún ætti við samþykkt gögn í samræmi við viðeigandi reglugerðir.
13. Að lokum virðist skírskotunin til „opinberlega viðurkennds staðals“ í málsgrein 147.A.105 (f) vera ritstjórnarmistök, en hún segir „Reynsla og hæfni leiðbeinenda og matsmanna bóklegrar og verklegrar kunnáttu skal vera staðfest sem opinberlega viðurkenndur staðall“. Ásetningur löggjafans þegar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2042/2003 var samþykkt, var að reynsla og hæfni leiðbeinenda og matsmanna bóklegrar og verklegrar kunnáttu skyldi staðfest af lögbæru yfirvaldi. Þar af leiðandi ætti „staðfest í samræmi við viðmið útgefin af lögbæru yfirvaldi“ að koma í stað setningarinnar „staðfest sem opinberlega viðurkenndur staðall“.

III. Samráð

14. Til að ná ákjósanlegu samráði var Tilkynning um áformaðar umbætur - NPA-01/2006 - birt á vefsíðu Stofnunarinnar (www.easa.europa.eu) þann 12. janúar 2006. Stofnunin gaf einnig út þessa Tilkynningu ásamt uppkasti að álitu Flugöryggisstofnunar Evrópu.
15. Við lokunardagsetningu höfðu Stofnuninni borist 12 athugasemdir frá stjórnvöldum ríkja, fagstofnunum og einstaklingum.
16. Allar mótteknar athugasemdir hafa verið staðfestar og felldar inn í Svaskjal athugasemda (CRD), sem birt er ásamt þessu álitu á vefsíðu Stofnunarinnar. Þetta Svaskjal inniheldur lista yfir alla einstaklinga og fyrirtæki sem gerðu athugasemdir, og svör Stofnunarinnar.
17. Flestar athugasemdirnar studdu reglusetningarverkefnið, voru að biðja um breytingar á ritun (uppsetningu, endurtölusetningu, o.s.frv.) og hafa verið teknar með í reikninginn.
18. Samkvæmt grein 8 í Stöðluðum starfsreglum EASA við reglugerðasetningu var Svaskjalið birt á vefsíðu Stofnunarinnar (www.easa.europa.eu) þann 5. júlí 2006.
19. Við lokunardagsetningu (5. september 2006), höfðu Stofnuninni ekki borist neinar viðbótarathugasemdir.

IV. Mat á reglugerðaráhrifum

20. Tilgangur álitsins
Tilgangur NPA 1/2006 var að útskýra hugtakið opinberlega viðurkenndur staðall gegnum ÁLF-efni við Hluta M og Hluta 145 og til að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 til að leiðrétta villur og ósamræmi í málsgreinum M.A.301(2) og 147.A.105(f).

21. Kostir

Gera ekkert: Fjarvera útskýringar á segðinni opinberlega viðurkenndur staðall eins og hagsmunaaðilar óska eftir og viðhald villa og ósamræmis sem rekast má á í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003.

Núverandi kostur: Hann útskýrir merkingu hugtaksins opinberlega viðurkenndur staðall og leiðréttir villur og ósamræmi í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003.

22. Geirar sem verða fyrir áhrifum:

Einstaklingar eða fyrirtæki sem viðhalda loftfari og leiðbeinendur og matsmenn bóklegrar og verklegrar kunnáttu, ásamt þjálfunarfyrirtækjum.

23. Áhrif

Öryggi: Álitið skýrir málið og dregur úr efa og misskilningi og er því gagnlegt hvað öryggi varðar.

Efnahagur: Í fyrria tilfellinu halda hagsmunaaðilar því áfram sem þeir gera núna: efnahagsáhrifin eru engin. Fjárhagslegar afleiðingar seinni kostsins, að gera núverandi starfshætti opinbera, eru litlar.

Umhverfi: Ekki búist við neinum áhrifum

Félagsleg: Ekki búist við neinum áhrifum

Aðrar kröfur til flugmála utan sviðs EASA: Ekki búist við neinum áhrifum

Sambærilegar erlendar reglugerðarkröfur: Engar.

24. Niðurstaða úr mati á reglugerðaráhrifum

Byggt á þessu mati á reglugerðaráhrifum, telur Stofnunin að vinnsla tillagnanna sé réttlætt.

Cologne, 13. desember 2006

P.GOUDOU
Framkvæmdastjóri